

hvorki af hálfu þrotabús ákærða né af hlutaðeigandi vátryggingarfélagi.

Málið hefir af undirdómaranum verið rekið með nægilegum hraða, en það er aðfinsluvert, að hann hefir við rannsóknina yfirheyrt 8 vitni í senn, en ekki hvert út af fyrir sig, eins og fyrir er mælt í N. L. 1—13—8, og að eigi hefir verið útvegað aldursskirteini ákærða, og hegningarfottorð úr Árnessýslu. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Guðjón Símonarson sæti 18 mánaða betrunarhússvinnu. Um málskostnað í héraði skal auka réttardóminum óraskað. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. desember.

Nr. 37/1909: Hreppsnefndin í Neshreppi utan Ennis gegn

Sigurði Ingimundarsyni, Jóhanni Jónssyni, Gísla Magnússyni, Magnúsi Þórðarsyni og Stefáni Björnssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu er áfrýjað úrskurði fúgetaréttar Vestmanna-

eyjasýslu, uppkveðnum 15. janúar þ. á., út af kröfu hreppsnefndarinnar í Neshreppi utan Ennis, um að tekin yrðu lögtaki hjá hinum stefndu 5 mótorbátaformönnum aukaútsvör, er á þá höfðu verið lögð hvern um sig til Neshrepps utan Ennis, samkvæmt 37. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóvbr. 1905, en með úrskurðinum synjaði fógeti um framkvæmd lögtaksins.

Þar sem með téðum úrskurði var útkljáð mál fleiri manna, og skuldir þeirra stóðu eigi í neinu því sambandi innbyrðis, er réttlætt gæti meðferð þeirra í einni réttargjörð, var hér um ólöglega samsteypu mála að ræða og verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð. Hinir stefndu komu eigi í yfirdóminn né létu koma þar af sinni hálfu og er þá eigi um málskostnað fyrir yfirdómi að ræða, en hinum skipaða málaflutningsmanni áfrýjanda, sem hefir sótt málið löglega, veitast í málaflutningslaun 15 kr., er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal vera ómerkur. Málaflutningskaup hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálsfærslumanns Odds Gíslasonar, 15 krónur, greiðist af almannafé.